

Þ I N G G E R Ð

10. þríprautarþings Þríprautarsambands Íslands er fram fór sunnudaginn 28. mars 2026 kl. 13:00 í fundarsal C, 3. hæð í byggingu 3, Engjavegi 6 (ÍSí)

Þríprautarþing fer fram í samræmi við dagskrá samkvæmt lögum sambandsins og þingboði.

1. Þingsetning
2. Kynning nýrra þríprautarfélaga og deilda.
3. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd (Nefndin skal yfirfara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum áður en 6. dagskrárliður hefst)
4. Kosning þingforseta
5. Kosning þingritara
6. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína
7. Gísli Ásgeirsson fer með ágríp af sögu/stofnun ÞRÍ í tilefni að 10 ára afmæli sambandsins.
8. Gjaldkeri/Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga ÞRÍ
9. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins
10. Ávarp forseta ÍSí
11. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og keppnisgjöld
12. Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar
14. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og framkomin mál
15. Önnur mál
16. Kjörnefnd kynnir frambjóðendur til embætta
17. Kosning stjórnar sbr. 9. gr
18. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
19. Kosning kjörnefndar til eins árs
20. Kosning fulltrúa og varafulltrúa ÞRÍ á Íþróttarþing ÍSí árið sem Íþróttarþing fer fram, skv. lögum ÍSí
21. Þingslit

1. Þingsetning

Valerie Maier forseti setti þingið og bauð gesti velkomna.

Jafnframt var óskað eftir athugasemdum við þingboðun. Engar athugasemdir bárust og var boðun þess lýst lögmætt.

Fór yfir dagskrá þingsins.

2. Kynning nýrra þríprautafélaga og deilda

3. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

Lagt var til að Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, Halla Björnsdóttir og Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir yrðu tilnefnd í kjörbréfanefnd. Komu engin önnur framboð og voru þau kjörin með atkvæðum allra. Nefndin skal yfirfara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum áður en 6. dagskrárliður hefst.

Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir störfum sínum:

Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir tók til máls og staðfesti að nefndin hafi farið yfir kjörbréf og tilkynnir að x aðilar hafi atkvæðarétt:

Breiðablik	Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé
Breiðablik	Jón Axelson
SH	Páll Geir Bjarnason
SH	Ófeigur Hreinsson
3N	Svanur Már Scheving
3N	Börkur Þorðarsson
Sundfélagið Ægir	Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir
Sundfélagið Ægir	Árni Eik Dagsdóttir
UFA- Norðurljós	Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir
UFA - Norðurljós	Halla Björnsdóttir

4. Kosning þingforseta

Valerie Maier lagði til að Valdimar Leo Friðriksson yrði þingforseti og var hann kosinn með atkvæðum allra.

5. Kosning þingritara

Sveinn Simonarson var kosinn með atkvæðum allra.

6. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Valerie Maier, forseti ÞRÍ, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir liðið starfsár og þá vinnu sem framundan er í starfi stjórnarinnar:

Í máli Valerie kom fram að 5 virk félög séu starfandi undir Þríprautarsambandinu en bendir á að mögulega sé að bætast við eitt félag á Selfossi.

Valerie Þakkaði stjórn fyrir vel unnin störf.

Skýrslu Stjórnar 2025

INNGANGUR

Þríþrautarsamband Íslands (ÞRÍ) var stofnað 27. apríl 2016. Stofnaðilar voru: Sundfélag Hafnarfjarðar (SH), Sundfélagið Ægir, Sundfélagið Vestri, Umf. Breiðablik, Umf. Leifur heppni, Umf. Njarðvík, Umf. Snæfell, Umf. Víkingur og Íþróttafélagið Fjörður. Virk aðildarfélög á árinu 2025 voru eftirtalin: Sundfélag Hafnarfjarðar (3SH), Umf. Breiðablik, Umf. Njarðvík (3N), Sundfélagið Ægir (Ægir3) og Umf. Akureyrar (UFA). Umf. Fjölnir er líka með Þríþrautardeild og hefur bjóðið uppá þríþrautaræfingar. Þríþrautarsamband Íslands (ÞRÍ) er sameinandi afl innan þríþrautar á Íslandi og er aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ). ÞRÍ er aðili að Europe Triathlon og World Triathlon. Þríþrautarkeppnir á vegum ÞRÍ lúta reglum World Triathlon og ÍSÍ, t.d. lyfjareglum. Allir keppendur frá Íslandi sem keppa í keppnum á vegum Europe Triathlon og World Triathlon eru skráðir í þríþrautarfélag eða deild. Markmið sambandsins er að efla nýliðun í íþróttinni, styðja ungt og öflugt þríþrautarfólk með alþjóðlegu samstarfi og leggja áherslu á þjálfunarmál og dómgæslu. Stjórnin hefur lagt ríka áherslu á gott samstarf við aðildarfélögin og formenn þeirra. Þríþrautarþing Þríþrautarsambands Íslands er nú haldið í tíunda skiptið.

FYRIRKOMULAG STIGAKEPPNI OG ÍSLANDSMEISTARAMÓT

Keppnum á vegum ÞRÍ er skipti í fjóra flokka eftir vegalengd: ofursprettþraut, hálf ólympísk (sprettþraut), ólympísk vegalengd og hálfur járnmaður samkvæmt reglugerð um stigakeppni ÞRÍ. Stigagjöf fyrir hverja keppni er 50 stig fyrir sigur, 40 stig fyrir annað sæti o.s.frv. Besti árangur í 5 af 6 bikarkeppnum taldi í stigakeppninni 2025. Auk þess voru haldnar byrjendakeppnir og sérstaklega haldið utan um þau stig. Íslandsmeistaramót í ólympískri þríþraut var haldið af Ægi og fór fram á Laugarvatni. Íslandsmeistaramót í ofursprettþraut var haldið af 3N og fór fram í Reykjanesbæ.

KEPPNISTÍMABILID 2025

Keppnisdagskrá fyrir árið 2025 var kynnt í nóvember 2024 og var keppnistímabilið frá maí til ágúst. Dagskáin 2025 var eftirfarandi:

- 11. maí Kópavogs Breiðablik, ofursprettþraut (1.bikar)
- 31. maí. Sprettþraut Hafnarfjörður, 3SH (2.bikar)
- 5. júlí. Ólympísk þraut Laugarvatni, Ægir (Íslandsmót og 3.bikar)
- 26. júlí. Norðurljósaþríþraut, UFA, Akureyri, sprett (Hálf Ólympísk) (4.bikar)
- 10. ágúst. Sprettþraut Selfossi, ÞRÍ (5.bikar)
- 30. ágúst. Ofursprettþraut 3N (Íslandsmót og 6.bikar)




ÞRÍ hélt óformlegt hjólamót á Zwift í desember sem var hluti af þrípraut sem saman stóð af Þorláksmessusundi Breiðabliks, Gamlárshlaupi ÍR og Zwiftmótinu, mótið tókst vel til en 27 tóku þátt í hjólaviðburðinum en 10 tóku allar þrjár greinarnar. Ekkert þátttökugjald var í hjólakeppnina.

Haldin var þríprautakeppni í þriðja skipti á Selfossi og þótti keppnin takast vel, stefnt er að því að endurtaka þá keppni 2026 og í skoðun er að stofna þríprautafélag á staðnum og auka þannig þríprautastarf á landsbyggðinni.




ÞÁTTTAKA Í KEPPNUM UN DANFARIN ÁR




Um 44 % aukning var í þátttöku í keppnum ársins sem verður að teljast frábær árangur. Aukning var í flest allar keppnir en skráning í Laugarvatns þríbrautina jókst um 75 keppendur. En einnig var ánægjulegt að sjá aukningu hjá nýliðum (einstaklingar skráðir í opna flokkinn) en um 97% aukning var í þann flokk.

Keppendur í einstökum keppnum 2019 til 2025



Fjöldi nýliða - Skráningar í keppnir



ÖNNUR MÓT

KRAKKAPRÍPRAUT 3SH 1. JÚNÍ 2025

Þrautin fór fram 1. júní í Hafnarfirði og tóku um 80 börn þátt í keppninni. Keppnin var eins og alltaf skemmtileg og er mikilvæg kynning á þrípraut fyrir aldurshópinn 5-15 ára. Öll börn fengu bol og tösku með logo PRÍ og 3SH. Sérstakar þakkir til Steffi og Torben Gregersen og 3SH fyrir að halda þessa vinsælu keppni. Keppnin var fjármögnuð með aðstoð PRÍ úr þróunarsjóði Europe Triathlon.



ÖNNUR MÓT

Önnur þríþrautar tengd mót eins og Heiðmerkurtvíþraut Ægis, Álmaðurinn á Akranesi og Bláfjallapríþrautin voru ekki haldin í ár. Ljóst er að hækkandi kostnaður við mótahald og erfiðleikar við að fá sjálfboðaliða til starfa hafa gert mótshöldurum erfitt fyrir og er það eitthvað sem að þríþrautahreyfingin þarf að takast á við í sameiningu.

VIÐURKENNINGAR

Uppskeruhátíð sambandsins var haldin í húsakynnum ÍSí þann 12. nóvember 2025 og viðurkenningar veittar fyrir stigahæstu konu og karl, nýliða ársins 2025 og stigahæsta félag.

Íslandsmeistarar árið 2025 voru:

Brynja Dögg Sigurpálsdóttir og Sigurður Örn Ragnarsson í ólympískri þríþraut.

Guðlaug Edda Hannesdóttir og Geir Ómarsson í ofursprettþraut.

BIKARMEISTARAR ÁRSINS 2025

Veittar voru viðurkenningar fyrir þrjár stigahæstu þríþrautar konur og karla.

Bikarmeistari kvenna var Brynja Dögg Sigurpálsdóttir Ægi með 204 stig, í öðru sæti var Guðlaug Edda Hannesdóttir Breiðabliki með 150 stig og í þriðja sæti með 136 stig var Bjarkey Jónasdóttir úr Ægi. Bikarmeistari karla var Sigurður Örn Ragnarsson, Breiðabliki með fullt hús stiga 250 stig, í öðru sæti var Geir Ómarsson, Ægi með 166 stig og í þriðja sæti með 160 stig var Stefán Karl Sævarsson Breiðabliki.



NÝLIÐAR ÁRSINS 2025

Nýliðar ársins 2025 voru Ásdís Birta Alexandersdóttir, Breiðabliki og Sölvi Jónsson, Ægi. Þau urðu bæði efst nýliða á stigakeppni ársins auk þess að vera mjög virk í starfi sinna félaga.



ÞRÍPRAUTARKONA OG ÞRÍPRAUTARMAÐUR ÁRSINS 2025

Þríprautarkona ársins 2025 var Brynja Dögg Sigurpálsdóttir, Ægi og þríprautarmaður ársins 2025 var Sigurður Örn Ragnarsson, Breiðablik. Þetta var í fyrsta skiptið sem að Brynja hlýtur nafnbótina þríprautarkona ársins en í áttunda skiptið sem að Sigurður verður þríprautarmaður ársins.

Brynja átti frábært ár, varð Íslandsmeistari í Ólympískri þrípraut og þess að sigra Spretþpraut 3SH í Hafnarfirðinum. Brynja keppti í öllum stigamótum ársins og var á verðlaunapalli í þeim öllum. Sigurður hafði yfirburði í keppnum ársins eins og undanfarin ár og sigraði hann í öllum þeim 5 keppnum sem hann tók þátt í á árinu.

STIGAKEPPNI ÞRÍPRAUTARFÉLAGA

Einnig voru veitt viðurkenning í stigakeppni félaga. Ægir sigraði í stigakeppninni með 3520 stig, Breiðablik var í öðru sæti með 1667 stig og UFA í þriðja sæti með 181 stig.

SJÁLFBODALIÐI ÁRSINS

Margrét Magnúsdóttir og dómarar ÞRÍ fengu sérstaka viðurkenningu frá ÞRÍ sem sjálfboðaliðar ársins á uppskeruhátíð ÞRÍ. Dómarateymið hefur unnið óeigingjarnt og mikilvægt starf fyrir þríprautina árum saman og sinnt bæði dómgæslu og fjölbreyttum sjálfboðastörfum innan sambandsins og aðildarféлага.



STIGAKEPPNI ALDURSFLOKKA

Á uppskeruhátíð Þríþrautarsambands Íslands 2025 voru í fyrsta sinn veitt verðlaun til sigurvegara í hverjum aldursflokki. Eftirtaldir einstaklingar hlutu verðlaun:

16-17 ára	Silva Sunneva Snædahl Agnarsdóttir
20-29 ára	Bjarkey Jónasdóttir og Ingvar Þór Bjarnason
30-39 ára	Brynja Dögg Sigurpálsdóttir og Sigurður Örn Ragnarsson
40-49 ára	Rúna Rut Ragnarsdóttir og Stefán Karl Sævarsson
50-59 ára	Karen Axelsdóttir og Geir Ómarsson
60-69 ára	Kristín Magnúsdóttir og Trausti Valdimarsson

AFREKSSTEFNA ENDURSKOÐUÐ ÞRÍ

Afreksstefna ÞRÍ var endurskoðuð á árinu og lögð til samþykktar á þessu þingi.

ALÞJÓÐLEGAR KEPPNIR

Íslendingar kepptu víða erlendis á árinu.

Árið hófst á heimsmeistaramótinu í vetrartvíþraut og þríþraut sem fram fór í bænum Cogne í Ítölsku Ölpunum. Valerie Majer formaður ÞRÍ tók þátt í tvíþraut þar sem byrjað var á 6 km hlaupi og skipt svo yfir í 12km gönguskíði. Valerie gerði sér lítið fyrir og var í örðu sæti í flokki 55-59 ára. Valerie keppti svo einnig í Ironman 70.3 í Varsjá í Pólandi þar sem hún sigraði sinn flokk glæsilega.

Katrín Pálsdóttir tók þátt á heimsmeistaramótinu í tvíþraut (e. Aquabike) í borginni Pontevedra á norður Spáni. Katrín synti á 56 mínútum og 32 sekúndum og hjólaði á 3 tímum og 47 mínútum og 52 sekúndum og gerði sér lítið fyrir og sigraði aldursflokk 40-44 örugglega, við óskum Kötur til hamingju með árangurinn.



Í Ironman Kalmar gerði Trausti Gunnarsson sér lítið fyrir og sigraði aldursflokkinn 65–69 ára með yfirburðum. Þar með vann hann sér sæti á heimsmeistaramótinu á Hawaii á næsta ári. Trausti synti 3.800 metra á 1:05:58, hjólaði 180 km á 5:16:24 og lauk svo keppninni með maraþonhlaupi á 4:05:55. Heildartími hans var því 10:38:11.

Kristín Magnúsdóttir stóð sig frábærlega í Ironman Copenhagen og hlaut brons í aldursflokknum 65–69 ára. Hún synti á 1:28:21, hjólaði á 6:48:13 og hljóp maraþonið á 5:20:48. Þess má geta að Kristín hefur staðið á verðlaunapalli í öllum þeim Ironman-keppnum sem hún hefur tekið þátt í.

Ísland átti þrjá fulltrúa á heimsmeistaramótinu í háflum jármanni en þær Sædís Jónsdóttir í flokki 30–34 ára, Ásta Parker 50–54 ára og Kristín Magnúsdóttir 65–69 ára tóku allar þátt í aldursflokkakeppni og stóðu sig vel við afar erfiðar aðstæður. Þær kláruðu allar krefjandi brautina af miklu harðfyllgi.

Heimsmeistaramótið í ólympískri þríþraut 2025 fór fram í Wollongong í Ástralíu. Hörður Guðmundsson var eini keppandi Íslands að þessu sinni en Hörður er búsettur í Launceston í Tasmaníu og því tiltölulega stutt fyrir hann að fara. En þetta er í þriðja skiptið sem að Hörður tekur þátt í heimsmeistaramótinu fyrir Íslands hönd. Hörður kláraði keppina á 2 tímum, 22 mínútum og 49 sekúndum og endaði í 28. sæti af 67 keppendum, glæsilega gert hjá Herði.



Í september tóku um 90 Íslendingar þátt í heilum og hálfum jánrmanni í Cascais í Portúgal. Að venju stóð íslenski hópurinn sig vel.

STJÓRN ÞRÍ

Á þingi Þríprautasambandsins 2025 voru eftirfarandi kjörin í stjórn:

Elísabet Einarisdóttir og Hörður Sigurðarsson sem stjórnarmenn til tveggja ára.

Að auki sátu áfram Valerie Maier sem forseti ÞRÍ, Ragnar Sævarsson og Jón Axelsson

Þá voru Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir og Katrín Pálsdóttir kosin sem varamenn til eins árs.



STJÓRNARFUNDIR

Haldnir voru átta stjórnarfundir á starfsárinu. Fundir voru haldnir með hefðbundnu sniði eða í gegnum fjárfunda búnað.

Á fyrsta stjórnarfundum skipti stjórnin með sér verkum. Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir var kjörinn gjaldkeri og Ragnar Sævarsson ritari. Ákveðið var að boða alltaf bæði aðalmenn og varamenn á fundi.

Fundagerðir ÞRÍ eru aðgengilegar á heimasíðu.

Þar af auki voru 2025 fimm nefndir starfræktar:

- Dómaranefnd (formaður: Margrét Magnúsdóttir)
- Fræðslu- og útbreiðslunefnd (formaður Grisha Liebel)
- Afreksnefnd (formaður: Sigurður Örn Ragnarsson)
- Mótanefnd (formaður: Jose Jorge)
- Siðanefnd (formaður: Ingi B. Poulsen)

Reglugerðir nefnda eru aðgengilegar á <https://triathlon.is/upplýsingar/log-thri-og-reglugerdir/>.

Verkefnalisti stjórnar á árinu 2025 fól í sér hefðbundin stjórnarstörf samkvæmt lögum ÞRÍ.

Stjórnarmeðlimir komu einnig með einum eða öðrum hætti að eftirfarandi vinnu á árinu:

- Dómaramenntun
- Alþjóðasamskipti
- Stuðningur og samskipti við Guðlaug Eddu Hannesdóttir
- Unglingaþríþraut
- Breytingar á reglum
- Stefnumótun

FORMANNAFUNDIR

Haldinn var einn fundur með formönnum aðildarfélaganna á árinu. Á þeim fundi var farið yfir stöðuna hjá félögum, farið yfir keppnisumarið framundan innanlands og erlendis, rætt um styrkjamál, sjálfbærliðamál ásamt mikilvægi þess að koma af stað barna og unglingastarfi innan félaganna.

AFREKSSJÓÐUR

Þríþrautarsamband Íslands (ÞRÍ) flokkast sem þróunarsérsamband samkvæmt flokkun Afreksjóðs ÍSÍ. Heildarstyrkveiting sjóðsins fyrir 2025 til ÞRÍ vegna verkefna ársins var 5.807.258 kr.

ALÞJÓÐASTARF

Formaður stjórnar Þríþrautarsambands Íslands sótti aðalfund Europe Triathlon sem haldinn var í Istanbul í Tyrklandi. Á fundinum var hún kjörin í embætti ritara í þróunarnefnd sambandsins (*Development Committee*), sem er mikilvæg viðurkenning á faglegu starfi og auknu vægi Íslands innan alþjóðlegs þríþrautarsamfélags.



Þar að auki tók formaður ÞRÍ þátt í fundi á vegum World Triathlon í Wollongong í Ástralíu í gegnum fjarfundarþúnað. Samstarf við stjórnarmenn og starfsfólk Europe Triathlon og World Triathlon hefur verið mjög gott á árinu og mikilvægt til að viðhalda sterkum tengslum við alþjóðlegt þríþrautastarf.

ÞRÍ hefur meðal annars fengið styrki úr þróunarverkefnum (*Development Program*) Europe Triathlon og fékk sambandið 800 evrur fyrir starfsárið 2025 til verkefna tengdra barna- og unglingastarfi.

HÆFILEIKAMÓTUN OG ÚTBREIÐSLUSTARF

Mikil þörf er fyrir ÞRÍ að vinna markvisst að frekari útbreiðslu þríprautar til að höfða betur til ungs fólks. Í nóvember 2022 var Ragnar Guðmundsson ráðinn til starfa hjá sambandinu. Ragnar hefur viðtæka þekkingu á uppbyggingu unglingastarfs frá Danmörku, þar sem hann hefur búið um árábil. Hann hefur m.a. heimsótt þríprautafélög í Danmörku og kynnt sér barna- og unglingastarf þeirra, auk þess að hafa haldið fjölda funda með þríprautafélögum hér á landi.

Ragnar er með leyfi til að kenna námskeiðið *Active Skills for Life*, sem er kennsluefni fyrir þjálfara frá breska þríprautasambandinu, og hefur haldið tvö slík námskeið á árinu og tóku samtals 20 manns þátt í þeim. Í maí skipulagði hann einnig þríprautarkeppni fyrir 6 skóla á Akureyri sem gekk afar vel. Þar tóku þátt 115 nemendur úr 7. bekk. Ragnar sótti um 300 þúsund kr. styrk til Rannís um áframhaldandi námskeið og fékk hann styrkinn samþykktan nú í byrjun árs 2026.

Rangar starfar einnig fyrir Sundsamband Íslands og hefur nýverið einnig verið ráðin til starfa hjá Afreksmiðstöð Íslands við frammistöðu mælingar, sem mun nýtast ÞRÍ í hæfileikamótun okkar efnilega íþróttafólks. Í júní hélt Ragnar sumarnámskeið í Kópavogi í samstarfi við Breiðablik þar sem tíu krakkar á aldrinum 10–15 ára tóku þátt. Af þeim hefur að minnsta kosti eitt barn hafið æfingar hjá þríprautarfélagi.

MARKAÐSMÁL

Í lok árs 2024 samþykkti stjórn ÞRÍ að veita félögum markaðsstyrk að upphæð 100.000 kr. til að kynna betur starf sitt. Tvö félög nýtt sér þennan styrk að hluta.

DÓMARAMENNTUN

ÞRÍ er með 12 dómara og fimm þeirra eru komin með alþjóðleg þríprauta dómara réttindi frá World Triathlon. ÞJÁLFARAMENNTUN

ÞRÍ er nú með 4 þjálfara með alþjóðlega þríprauta þjálfara menntun samþykkt af World Triathlon, þrír eru með fyrsta stig (e. Level 1) og einn með annað stig (e. level 2). Stefnt er að því að senda fleiri þjálfara á námskeið 2026.

FJÁRHAGUR

Fjallað verður sérstaklega um fjárhag í næsta dagskrárlið svo ekki verður gerð frekari grein fyrir honum hér

ÞAKKIR

Formaður stjórnar þakkar samstjórnarmönnum öllum kærlega fyrir vinnu þeirra. Stjórnin þakkar einnig formönnum og stjórnnum félaga fyrir mjög gott samstarf. Stjórnin þakkar einnig endurskoðendum reikninga fyrir þeirra framlag. Með von um gott þríprautarsumar 2026.

Fyrir hönd stjórnar Þríprautarsambands Íslands,
Valerie Helene Maier
forseti

7. Gísli Ásgeirsson fer með ágríp af sögu/stofnun ÞRÍ í tilefni að 10 ára afmæli sambandsins.

Gisli sagði á skemmtilegan en greiðan hátt frá aðdraganda og upphafi ÞRÍ meðal annars frá fyrstu keppnum innanlands og ferðum Íslendinga í keppnir erlendis.

Þríprautarnefnd var starfandi 1990 til 1994 og sunnudaginn 27 maí 1990 var fyrsta keppni haldin í þrípraut. 2007 var farið í tvær keppnir erlendis og eftir för fimm manna í keppni til Köln árið 2008 voru stofnuð þrjú félög, 3SH, Ægir3 og 3SNÆ fyrir voru tvö félög 3VEST og ÞRÍKÓ þau stofnuðu síðan samband og sóttu um sem deild í ÍSÍ.

2010 var þríprautarnefnd endurvakin og það ár fóru 15 einstaklingar erlendis og kepptu í fullum jánmann í Kaupmannahöfn, þetta vakti athygli og var talið mjög sérstakt.

8. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga ÞRÍ

Ársreikningur ársins 2025 var lagður fram á þinginu. Geir Ómarsson fór yfir reikninga ÞRÍ sem eru undirritaðir af skoðunarmönnum. Í máli Geirs kom fram að rekstrartekjur voru örlítið hærri en á fyrra ári eða sem nemur 22.722.352 kr. Rekstrargjöld eru 18.656.438 en voru 23.346.551 árið áður sem skýrist fyrst og fremst af því að Guðlaug Edda keppti ekki erlendis í fyrra. Fjármagnsliðir námu 81.992 og voru því rekstrartekjur umfram rekstrargjöld 4.147.906 kr. Eignir eru umfram skuldir, rúmlega 9.043.373 kr.

Reikningar voru bornir undir þingið og samþykktir með atkvæðum allra.

9. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins

Fram fór umræða um reikninga sambandsins.

Kosið og samþykkt samhljóða

10. Ávarp Forseta ÍSÍ

Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, flutti ræðu og hóf hana á að nefna hve hann hefði haft gaman af frásögn Gísla um starf ÞRÍ. Hann tók undir mikilvægi þess félagsskapar sem myndast í starfi deilda, enda sé hann lykilatriði til að þær vaxi og dafni.

Á þeim stutta tíma sem ÞRÍ hefur starfað sem sérsamband innan ÍSÍ sést skýrt hve mikilvægt framlag sjálfboðaliða er. Hann benti á hve vel hefði tekist til við uppbyggingu á svo skömmum tíma og að þetta fólk hefði staðið sig afar vel. Þakkaði hann sérstaklega fyrir þau mikilvægu störf sem unnin eru af sjálfboðaliðum.

Að mati forseta er þrípraut ofursport sem útheimtir mikinn aga, sterkan vilja og einnig þrautseigju til að ná árangri. Hann sagði jafnframt spennandi að fylgjast með þeim góða árangri sem þríprautarfólk hefur náð í keppnum. Forsetinn lagði áherslu á að ÞRÍ vinni markvisst eftir afreksstefnu sinni og að það sé skýr vilji sambandsins að eiga fulltrúa í afrekshópi ÍSÍ.

Hann kvaðst hafa skoðað almannaheillaskrá og tekið eftir því að ÞRÍ væri ekki skráð þar. Lagði hann til að sótt yrði um slíka skráningu, enda gæti hún veitt þeim sem styðja ÞRÍ rétt til skattafrádráttar, allt frá 100.000 til 300.000 krónum. Jafnframt benti hann á mikilvægi þess að skoða vel öll mál sem snúa að virðisaukaskatti og möguleika sambandsins og aðildarfélaga þess til að auka tekjur sínar.

Hann undirstrikaði að því sýnilegra sem ÞRÍ er innan ÍSÍ, þeim mun meiri árangur megi ná til hagsbóta fyrir sambandið. Stuðningur við grasrótarstarf sé ekki síður mikilvægur og mikilvægt að hlúa vel að því, auk þess að koma skýrt á framfæri því starfi sem unnið er til að efla íþróttina.

Að lokum sagði forsetinn að hann væri fyrst og fremst mættur til að þakka fyrir það óeigingjarna starf sem unnið er í þágu þríþrautar, bæði fyrir sína hönd og fyrir hönd ÍSÍ og framkvæmdastjórnar þess.

Forseti sagðist jafnframt telja það mikinn heiður að fá að kalla fram þrjá einstaklinga sem hafa markað djúp spor í starfi ÞRÍ, íþróttinni og aðildarfélögum hennar, og afhenda þeim gullmerki ÍSÍ.

Þau voru:

Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé

Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé var kjörin fyrsti formaður Þríþrautarsambands Íslands (ÞRÍ) árið 2016 þegar sambandið var nýstofnað og tók til starfa sem sérsamband innan ÍSÍ. Hún gegndi formennsku til ársins 2020, alls tvö kjörtímabil, og gegndi lykilhlutverki í uppbyggingu og mótun starfs sambandsins á þessum fyrstu árum.

Halldóra hafði áður lagt mikið starf af mörkum við uppbyggingu þríþrautar á Íslandi. Hún starfaði fyrir Þríþrautardeild Breiðabliks frá árinu 2012, sat í stjórn og tók virkan þátt í uppbyggingu og þróun starfsins, auk þess að taka á móti nýliðum og starfa sem þjálfari í hlaupum og hjóltreidum.

Halldóra sat einnig í þríþrautarnefnd ÍSÍ og átti þátt í þeirri vinnu að þróa starf nefndarinnar og undirbúa stofnun sjálfstæðs sérsambands, sem formlega var stofnað 27. apríl 2016. Í kjölfarið var hún kjörin fyrsti formaður sambandsins.

Halldóra hefur jafnframt verið virk sem keppandi í þríþraut og úthaldsíþróttum og tekið þátt í fjölmörgum keppnum bæði hér á landi og erlendis, þar á meðal lokið sex Ironman-keppnum.

Framlag Halldóru til þríþrautar á Íslandi spannar stjórnarstörf, uppbyggingu innan félaga og ÍSÍ, auk virkrar þátttöku í samfélagi iðkenda. Fyrir þetta mikilvæga starf er Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé tilnefnd til heiðursviðurkenningar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Gísli Ásgeirsson

Gísli Ásgeirsson gegndi lykilhlutverki í endurvakningu og uppbyggingu þríþrautar á Íslandi þegar hann var skipaður fyrsti formaður þríþrautarnefndar ÍSÍ árið 2010. Nefndin hafði það hlutverk að efla og skipuleggja starfsemi greinarinnar á uppbyggingarstigi hennar hér á landi.

Undir forystu Gísla vann nefndin að mótun keppnis- og mótareglna, gerð keppniskrár og samskiptum við alþjóðleg þríþrautarsamtök.

Gísli hefur um árabil unnið mikið starf í þágu þríþrautar, komið að uppbyggingu félaga, skipulagningu keppna og verið áberandi rödd greinarinnar, meðal annars sem kynnisráðgjafi á fjölda móta.

Framlag hans spannar uppbyggingu skipulags, starf innan íþróttahreyfingarinnar og mikilvægt framlag til keppnishalds og samfélags þríþrautar á Íslandi. Fyrir þetta starf er Gísli Ásgeirsson tilnefndur til heiðursviðurkenningar ÍSÍ.

Valerie Maier

Valerie Maier hefur gegnt formennsku í Þríþrautarsambandi Íslands frá árinu 2020. Á þeim tíma hefur hún unnið að uppbyggingu og eflingu starfs sambandsins.

Hún hefur lagt áherslu á að styrkja tengsl við alþjóðlegt starf þríþrautar og verið virk í samstarfi við Alþjóðaðríþrautarsambandið, Evrópusamband þríþrautar og Norðurlandasambönd. Ávinningur þess hefur meðal annars falist í samstarfi við Breska þríþrautarsambandið og styrkjum úr þróunarverkefnum Europe Triathlon.

Á formannstíð hennar hefur starfsemi þríþrautar á Íslandi orðið sýnilegri á alþjóðavettvangi, meðal annars með þátttöku á Ólympíuleikunum í París 2024, og jafnframt hefur verið unnið að útbreiðslu íþróttarinnar með verkefnum fyrir nýliða og yngri iðkendur.

Valerie Maier starfaði áður í stjórn þríþrautardeildar Sundfélags Hafnarfjarðar.

11. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og keppnisgjöld

Geir Ómarsson framkvæmdastjóri ÞRÍ, lagði fram og fjallaði um fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 liggur fyrir. Gert er ráð fyrir tekjum að upphæð tæplega 20.913.851 kr og að starfið verði rekið þannig að ekki verði verulegt tap á árinu. Gert er ráð fyrir að rekstargjöldin verði 19.500.000 kr á árinu 2026. Þetta þýðir að áætlun gerir ráð fyrir smávægilegum hagnaði að upphæð 1.413.851 kr á árinu.

Lögð var fram tillaga til breytingar á félagsgjöldum. 1500kr á ári til sambandsins frá félögum.

Töluverð umræða var um tillöguna og ýmsar útfærslur ræddar, ekki kom skýrt fram hvort um skráða félagsmenn eða virka iðkendur væri að ræða sem greiðendur, möguleiki á að keppendur greiddu fyrir keppnisskyrteini var einnig rædd.

Ákveðið var að kjósa um tillöguna og senda til formannafundar til nánari útfærslu.

Samþykkt með atkvæðum allra.

12. Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara Engar tillögur að lagabreytingum voru lagðar fram.

13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar Engar tillögur eða önnur mál bárust fyrir fundinn.

14. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og framkomin mál Engar tillögur að lagabreytingum voru lagðar fram og engin önnur framkomin mál.

15. Önnur mál

Afrekstefna.

Geir Ómarsson fer yfir afreksstefnu og endurskoðun hennar litlar breytingar voru gerðar frá fyrri stefnu þó helst hvað varði fjárhagslegan stuðning, annað breyttist ekki mikið.

Gildistími er fram yfir Ólympíuleika 2028 og verður því endurskoðuð fyrir Þríprautarþing 2029.

Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé kom upp og þakkaði orðuveitinguna hún sagði meðal annars frá hve stolt hún hafi verið sem formaður ÞRÍ og því starfi sem hún hefur sinnt.

Halldóra Gyða minnti okkur á hve mikilvægt ungliðastarfið sé og hvatti til áframhaldandi áherslu og góðri vinnu á því hlutverki innan ÞRÍ. Það er gott að hafa sem mest samstarf við þau sem stunda þær þrjár greinar eingöngu það er sund, hjól og hlaupafélög, gott samstarf sé á milli félaga innan ÞRÍ og telur Halldóra Gyða framtíð ÞRÍ bjarta

16. Kjörnefnd kynnir frambjóðendur til embætta

Í nefnd 2026 voru kosnir Geir Ómarsson Ægi, Jón Axelsson Breiðablik og Páll Geir Bjarnason 3SH.

Geir var einig í kjörnefnd 2025 og sagði frá frambjóðendum til stjórnar 2026.

17. Kosning stjórnar sbr. 9. gr

Kosið var um tvö sæti aðalmanna til tveggja ára og þrjú sæti varamanna til eins árs.

Frá fyrra ári sitja áfram þau Hörður Sigurðarson, Breiðablik og Elísabet Einarsdóttir, Ægi í aðalstjórn en þau voru til tveggja ára í fyrra.

Framboð til stjórnar næstu tvö árin voru jafn mörg og þau sæti sem voru laus.

Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, Norðurljós

Valerie Maier, 3SH

Jón Axelsson, Breiðablik

Samþykkt með atkvæðum allra.

Framboð til varastjórnar voru jafn mörg og þau sæti sem voru laus:

Sigríður Hallgrímsdóttir Ægi

Halldór Benjamín Hreinsson

Ásdis Birta Alexandersdóttir

Samþykkt með atkvæðum allra.

Nefndir:

Síðanefnd: Ingi Poulsen

Mótanefnd: Sveinn Símonarson

Dómaranefnd: Margrét Magnúsdóttir

Afreksnefnd: Sigurður Örn Ragnarsson

Útbreiðslunefnd: Grisha Liebel

Samþykkt samhljóða

18. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnar Björg Kjartansdóttir og Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé.

Samþykkt samhljóða

19. Kosning kjörnefndar til eins árs

Geir Ómarsson

Jón Axelsson

Páll Geir Bjarnason

20. Kosning fulltrúa og varafulltrúa ÞRÍ á Íþróttarþing ÍSÍ árið sem Íþróttarþing fer fram, skv. lögum ÍSÍ

Íþróttarþing ÍSÍ er á tveggja ára fresti og samþykkt var að vísa þessu til stjórnar.

Samþykkt samhljóða

21. Þingslit

Forseti tók til máls og þakkaði fyrir gott þing.

Að lokum sleit þingforseti þinginu.

Þingslit voru kl. 15:25